

Starfsmannasamtöl mars-apríl 2012

– helstu niðurstöður

(Hugmyndir til úrbóta eru undirstrikaðar)

Líðan:

Yfirhöfuð virðist starfsmönnum líða vel í vinnunni og vera ánægðir með vinnustaðinn. Sumir finna fyrir tímaskorti og álagi af þeim sökum en þeir eru í raun fáir og langflestir bera sig nokkuð vel varðandi vinnuálag. Í sumum tilfellum hafa þó forföll valdið töluverðu álagi. Álagspunktur eru mismunandi eftir tímabilum.

Tækifæri í starfinu:

Allir eru sáttir við starfið og telja sig "á réttri hillu" í því starfi sem þeir sinna. (Svör annars eðlilega mjög einstaklingsbundin í þessum lið)

Bent var á að við eigum enn víða ónýtt tækifæri til starfsþróunar, t.d. í jafningjastuðningi innan teyma og milli teyma, auknum lestri og þælingum, einstaklingslega og í hópum.

Agamál taka sumstaðar mikinn tíma og mikla orku – eru "leiðinlegasti" þáttur starfsins.

Gæðahringi mætti sumstaðar nýta mun markvissar og betur.

Hjá mörgum kennurum kom fram ánægja með þá fræðslu sem fram hefur farið á deildarfundum, sérstaklega varðandi stærðfræðiumræður með Þóru Rósu, á hugi er fyrir að halda þeirri vinnu áfram. Einnig kom fram ánægja hjá þeim sem hafa verið í leshring með það framtak, sumir hvöttu til þess að þetta yrði gert að föstum lið í starfinu og jafnframt yrðu kennarafundir nýttir í auknu mæli til að ræða fyrirframlesið efni.

Starfsaðstaða og búnaður:

Starfsmenn yfirhöfuð sáttir, að sumu leyti bráðabirgðaaðstaða en samt furðugóð miðað við nýjan skóla. Tækifæri eru framundan í stækkandi húsnæði og búnaðarkaupum sem margir horfa til með vonaraugum.

Loftræsting og hitakerfi hafa verið til vandræða, sérstaklega á efri hæð skólans, en hugsanlega eru þar jákvæð teikn á lofti.

Ábending um að mikilvægt sé að ganga þannig frá kennslusvæðum að vori að ný teymi geti gengið að þeim klárum að hausti.

Þjálfar þurfa vinnu/þjálfunaraðstöðu t.d. fyrir félagsfærniþjálfun.

Dæmi um það sem nefnt var að þyrfti að bæta: Orðabækur, fleiri hátalarar til notkunar með tölvum, fleiri tölvur inn á kennslusvæði, spjaldtölvur?, fleiri og öflugri geislaspilarar, myndavélar á hvert svæði, lestrarbækur, landakort, meiri/fleiri leikföng á skólalóð, pappírstætara í vinnuherbergi, annan Kat-kassa, verkfæravagn vegna húsvörslu, fleiri "fullorðins-stóla" á neðri hæð, ýmislegt sem vantar v/ heimilisfræði og tónmenntar og að sjálfsögðu ýmis búnaður v/ myndmenntar, textílmenntar, smíða og náttúrufræði.

Samskipti og samvinna:

- Upplýsingamiðlun virðist yfirleitt nokkuð góð, fólk bærilega upplýst um það sem er í gangi, vikupóstar nýtast t.d. vel. Varðandi upplýsingamiðlun virðist helst brotalöm á að uppl. varðandi einstaka nemendur skili sér á alla staði, t.d. til Frístundar s.s. um atvik, lyfjagjafir o.þ.h. Í haust kom fyrir að upplýsingar varðandi nemendur miðluðust ekki í öllum tilfellum nægilega vel innan teyma. – Hægt væri að freista þess með starfsreglum að haldnir séu skilafundir/miðlunarfundir varðandi málefni nemenda. Nýta starfsmannafundi enn betur til upplýsingamiðlunar – á ábyrgð starfsmanna sjálfra, oft umsjónarkennara.

- Fram kom að sumum finnst vanta meira "flæði" hjá skólaliðum t.d. milli hæða. – Spurning hvort hægt er að koma því þannig fyrir með auknum fjölda skólaliða að starfsmenn "róteri" reglulega milli svæða.
- Endurskoða þarf samstarfsáætlun við leikskólann, ekki síst í ljósi aukinnar starfsemi hans innan veggja Naustaskóla.
- Fram komu hugleiðingar um hvort sýn/stefna skólans sé nægilega skýr meðal starfsmanna. Mælt með því að stefnan fái meira rúm til umfjöllunar á fundum, bæði starfsmannafundum og kennarafundum.
- Flestir upplifa góðan aðgang að stjórnendum og góðan stuðning þeirra – en í einhverjum tilfellum finnst starfsmönnum óljós ábyrgðarmörk milli stjórnenda og annarra starfsmanna – hver á að taka á erfiðum málum? Starfsreglur fyrir teymi? Fram kom ábending um að drög að kennsluáætlunum þurfi skilyrðislaust að vera tilbúin að vori og svo sé ákveðinn skilafrestur að hausti.
- Skipulagning vinnu í teyllum sumstaðar ábótavant, fundir eru stopulir og ekki nægilega formfastir– þarf að formgera samstarfið meira. Bent var á að stuðningur stjórnenda við teymi þyrfti að vera markvissari og "kennsla" í teymisvinnu meiri. Gera þarf starfsreglur fyrir teymi og stjórnendur fylgi eftir þeim starfsháttum sem þar verður kveðið á um.
- Fram kom að skipuleggja þyrfti betur skólalóð og kenna nemendum að nýta sér hana til leikja o.s.frv. Íþróttakennari tekur þetta mál að sér.
- Sumum kennurum finnst þurfa meiri eftirfylgd eða leiðbeiningar með úrvinnslu tengslakannana.
- Athuga þarf sveigjanleika varðandi mönnun í Frístund á frídögum, þ.e. að þegar fá börn eru í Frístund geti starfsmenn tekið þátt í öðrum verkum.
- Sumum finnst að þurfi að skerpa á umsjónarkennarahlutverkinu og skapa kennurum aukinn tíma með umsjónarhópum þannig að til verði persónulegra samband umsjónarkennara og nemenda.
- Þjálfar eru stundum beðnir um að útbúa verkefni og kennsluefni sem kennarar nýta svo lítið sem ekkert þegar til kastanna kemur. Þarna þarf meira samráð og að starfsmenn séu vakandi fyrir að virða tíma hvers annars. Hugsanlega þarf reglulega fundi þjálfra með hverju kennsluteymi skólans.
- Fram hafa komið hugmyndir um breytt fyrirkomulag verkgreinakennslu. Almennur áhugi virtist meðal kennara að verkgreinar væru kenndar í nokkurra vikna lotum fremur en að kenna margar greinar í einu yfir lengri tímabil.
- Enn er nokkur hætta á skörun milli "stuðningsaðila" (iðjuþjálfra, þroskaþjálfra og námsráðgjafa), hugmynd um að útvíkka "mánudagsfundi" þjálfra með deildarstjóra þannig að námsráðgjafi sitji þá líka. Vinna þarf áfram að starfslýsingum fyrir störf iðju- og þroskaþjálfra.
- Starfsmenn eru á því að starfsandi í skólanum sé góður. Hins vegar eru vísbendingar um að hann gæti verið betri, eitthvað er um baktal, togstreitu og ekki alveg algilt það viðhorf að "við hjálpumst að". Starfsmenn eru ekki alltaf hreinskilnir hver við annan og samskipti eru stundum klaufaleg. Þarf að hafa samskiptaþjálfun á starfsmannafundum?

Sjálfsmat:

Starfsmenn eru yfirhöfuð hreinskilnir og gagnrýnir á sjálfa sig. Margir nefndu þætti sem þeir myndu vilja bæta, sum markmið varðandi það voru þó mjög almennt orðuð og víð..

Réttindi og skyldur:

Flestir starfsmenn bærilega upplýstir um þá þætti sem þar eru taldir upp.



NAUSTASKÓLI

Frammistöðumat:

Skólastjóri sendi kennurum og þjálfum fyrirfram mat til að skoða og hugleiða. Þetta virtist gefa góða raun því að nánast allir starfsmenn mættu vel undirbúnir til viðtalsins og höfðu greinilega varið töluverðum tíma til hugleiðinga um styrkleika og veikleika. Þá var athyglinni í mörgum tilfellum beint að hugmyndum að sviðum sem starfsmaður gæti tekið að sér forystu að og voru settir fram minnispunktar þar að lútandi.

Símenntunaráætlun:

Langflestir báru sig samvirkusamlega saman við þá áherslupunkta sem fram voru settir. Í allflestum tilfellum voru sett fram markmið fyrir einstaklinga og hjá mjög mörgum var kastljósinu beint að frekari dýpkun á þáttum sem við erum að vinna með nú þegar s.s. Byrjendalæsi, Orð af orði og Jákvæðum aga. Fram kom nokkur áhugi hjá kennurum á yngra stigi að sækja Byrjendalæsismiðjur til að kynnast betur kennsluaðferðinni. Hvað hópinn varðar voru eftirfarandi þau atriði sem flestir nefndu sem aðkallandi þættir til frekari umfjöllunar:

- Söguáferð
- Bekkjafundir
- Skólaheimsóknir í aðra opna skóla – innanlands eða utanlands?
- Hugmyndafræði námsaðlögunar
- Námsstílar
- Skyndihjálp
- Útikennsla
- Numicon
- Tölvunotkun – ýmis forrit
- Viðtalstækni
- Teymisvinna – að vinna í teymi